

**Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og**

**Læknafélag Íslands
hins vegar**

gera með sér svofellt

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. grein

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. september 2008 til 31. mars 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Frá og með 1. september 2008 hækkar launatafla skv. gr. 3.1.1 og verður sem hér segir:

lfl	1	2	3	4	5
100	303.350				
200	332.555	343.484	354.796	366.503	
300	476.239	494.472	513.434	533.157	553.668
400				632.755	657.248

3. grein

Eftirtaldar greinar breytast sem hér segir:

3.3.1 Við ákvörðun starfsaldurs kandidats skal miða við upphaf starfs.

3.3.2 Við ákvörðun starfsaldurs læknis með lækningaleyfi, skal miða við störf sem læknir frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir að hann hefur lagt inn fullgilda umsókn um lækningaleyfi í heilbrigðisráðuneytinu. Hafi læknir með lækningaleyfi lokið BS- eða MS-gráðu í læknisfræði skal hún metin til jafns við eitt ár í starfsaldri.

1. þrep: byrjunarlaun.

2. þrep: eftir sex mánaða starfsaldur.

3. þrep: eftir 2 ára starfsaldur.
4. þrep: eftir 3 ára starfsaldur.

4. grein

Frá og með 1. september 2008 breytast eftirtaldar greinar sem hér segir:

3.5 Yfirvinnutímakaup

3.5.1 Tímakaup fyrir yfirvinnu er:

- a) fyrir kandidat kr. 2.943
- b) fyrir lækni með lækningaleyfi, eða lækni í skipulögðu sérnámi eða námsstöðu kr. 3.598
- c) fyrir lækni með sérfræðileyfi kr. 4.544

3.5.2 Tímakaup fyrir yfirvinnu á stórhátíðardögum skv. gr. 4.1.8 er:

- a) fyrir kandidat kr. 3.895
- b) fyrir lækni með lækningaleyfi kr. 4.765
- c) fyrir lækni með sérfræðileyfi kr. 6.017

3.6 Greiðsla fyrir skipulagða vinnutilhögun utan dagvinnu.

3.6.1 *Læknar með sérfræðileyfi á sjúkrahúsum og heilsugæslu:*

3.6.1.1 Á dagvinnu lækni með sérfræðileyfi utan dagvinnumarkna skal greitt álag sem nemur kr. 920 á klst., sbr. 4.2.1.

3.6.1.2 Greiðsla fyrir staðarvakt lækni með sérfræðileyfi skal vera kr. 5.454 á klst.

3.6.1.3 Gæsluvakt 1 – læknir með sérfræðileyfi.

0-9%	1.454
10-19%	1.910
20-29%	2.364
30-39%	2.819
40-49%	3.272
50-59%	3.728
60-69%	4.182

3.6.1.4 Gæsluvakt 2 (ferilvakt) - læknir með sérfræðileyfi.

0-4%	675
------	-----

5-9%	864
10-14%	1.052
15-19%	1.243
20-24%	1.432

3.6.2 *Kandidatar og læknar með lækningaleyfi*

3.6.2.1 Bundin vakt sbr. gr. 4.5.1.

Greiðsla fyrir bundna vakt kandidats:

A	B	C
3.388	2.823	2.470

Greiðsla fyrir bundna vakt læknis með lækningaleyfi:

A	B	C
4.144	3.452	3.021

5. grein

Upphæð persónuuppbótar (desemberuppbót) skv. gr. 3.7 verður sem hér segir á samningstímanum:

Á árinu 2008 kr. 44.100.

6. grein

Grein 9.2.5 um mat á ávinnslurétti veikindaréttar verður sem hér segir:

Við mat á ávinnslurétti starfsmanns skv. gr. 9.2.1 skal auk þjónustualdurs hjá viðkomandi launagreiðanda einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé. Þar að auki skal sérfræðingi reiknaður til viðbótar sá tími sem það tekur lækni að jafnaði að afla sér sérfræðiviðurkenningar erlendis, þó aldrei meira en tíu ár.

Á fyrstu 3 mánuðum samfelldrar ráðningar skal þó fyrri þjónustualdur samkvæmt þessari grein ekki metinn nema að viðkomandi starfsmaður hafi samfelldan þjónustualdur hjá framangreindum launagreiðendum í 12 mánuði eða meira.

7. grein

Grein 9.8.1 um veikindi barna yngri en 13 ára verður sem hér segir:

Annað foreldri á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

8. grein

Samningur þessi gildir frá 1. september 2008 til 31. mars 2009 en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan tveggja vikna frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann, 17. október 2008 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 1. október 2008

F.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

Gunnar Björnsson (sign.)
Sigurður Gils Björgvinsson (sign.)
Grétar Guðmundsson (sign.)
Oddur Gunnarsson (sign.)
Ólafur Gunnarsson (sign.)
Helga Jóhannesdóttir (sign.)

F.h. Læknafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Gunnar Ármannsson (sign.)
Ragnar Gunnarsson (sign.)
Hlynur Níels Jónsson (sign.)
Sigurpáll Scheving (sign.)
Halldóra Ólafsdóttir (sign.)
Bjarni Þór Eyvindsson (sign.)
Tryggvi Þorgeirsson (sign.)
Árni Jóhannesson (sign.)
Sveinn Kjartansson (sign.)
Sigrún Perla Böðvarsdóttir (sign.)

Bókanir
með samkomulagi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands
dags. 1. október 2008

Bókun 1

Upplýsingagjöf til stéttarfélaganna um laun félagsmanna hefur verið með misjöfnum hætti undanfarin ár og farið í gegnum ólíka miðla. Aðilar eru sammála um að kerfisbinda þessa upplýsingagjöf sem samningsaðilar útfæra nánar og skal þeirri vinnu lokið fyrir árslok 2008.

Bókun 2

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar sl. um að hefja þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu á árinu 2008 með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Á hann að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.

Aðilar eru sammála um að huga að endurskoðun núverandi tilhögunar vegna endurhæfingar með það að markmiði að veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Verði höfð hliðsjón af samkomulagi aðila á vinnumarkaði hvað varðar greiðslur frá ríkinu (0,13%) og stofnanir ríkisins sem vinnuveitendur (0,13%) og gildi sömu dagsetningar um greiðslur og samið var um á almennum vinnumarkaði. Efnt verði til samstarfs við önnur samtök launamanna og greiðslurnar inntar af hendi þegar samkomulag liggur fyrir.

Bókun 3

Gjaldskrá samkvæmt bókun 1 með kjarasamningi aðila undirrituðum 5. mars 2006, tekur sambærilegum breytingum og 4. grein samkomulags þessa.

Bókun 4

Aðilar munu beita sér fyrir því að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum sem komið hafa í veg fyrir birtingu uppsafnaðs frítökuréttar einstakra lækna á launaseðli í samræmi við ákvæði greinar 4.7.3.

Bókun 5

Þar sem ekki tókst að ljúka vinnu samkvæmt bókun 5 með síðasta kjarasamningi, dags. 5. mars 2006, hafa aðilar orðið ásáttir um að greiddar verði 50 milljónir króna vegna þessarar tafar á grundvelli forsendna sem aðilar munu koma sér saman um. Eins hafa aðilar orðið sammála um að upphæð í gr. 2.2, í viðmiðunarreglum heilbrigðisráðuneytis, útgefnum 30. nóvember 2006, verði 150.000 kr. í stað 100.000 kr.

Fylgiskjal
með samkomulagi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands
dags. 1. október 2008

Vegna skamms samningstíma er ekki tekið á stefnumótandi málum í þessu samkomulagi. Aðilar eru þó ásáttir um að ræða eftirtalin mál á gildistíma samkomulagsins.

Starfsþróun

- Frekari stuðning við starfsþróunarstarf/starfsþróunaráætlanir. Styðja stofnanir til að vinna að bættem aðstæðum mannauðsmála, þó einkum stofnanir heilbrigðis- og félagsmálageira.

Lagaumhverfi

- SELKO, samstarf um endurskoðun á lögum og reglum um starfsmenn ríkisins

Samningstexti

- Samræming á texta kjarasamninga.

Vinnuumhverfi

- Heilsueflandi vinnuumhverfi, svo sem vegna vaktakerfa.

Sí- og endurmenntun

- Könnun á samstarfi um samhæfingu sí- og endurmenntunarákvæða í kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

Slysatryggingar

- Sameiginleg yfirferð yfir tryggingaskilmála á opinberum og almennum markaði.

Launaþróun

- Skoðun á kerfum sem notuð eru til að mæla fylgni launaþróunar á milli markaða, t.d. erlendis.